

9

16. jan.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og árlega skal leggjast við hann $\frac{1}{5}$ hluti ársvaxta stofnfjárins.

7. gr.

Af ársvöxtum sjóðsins skal verja $\frac{4}{5}$ hlutum til styrktar fátækum börnum, er dvelja á væntanlegum barnaspítala Hringins í Reykjavík. Skal veita þeim styrki til að fullnægja persónulegum þörfum þeirra, sérstaklega fatnaðarþörf. Ef öllum vöxtum ($\frac{4}{5}$) verður ekki úthlutað árlega, skal afgangurinn leggjast við höfuðstólinn. Allir vextir leggjast við höfuðstólinn, þar til spítalinn tekur til starfa.

8. gr.

Stjórn sjóðsins veitir styrki úr sjóðnum og annast allar fjárreiður hans og reikningshald. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og birtir í B-deild stjórnartíðindanna.

9. gr.

Um styrkveitingar ræður einfaldur meiri hluti sjóðstjórnar. Styrkurinn skal veittur í peningum eða á annan hátt, eftir því sem sjóðstjórnin ákveður hverju sinni.

10. gr.

Þar til væntanlegur barnaspítali Hringins tekur til starfa og sjóðstjórnin samkvæmt 4. gr. er ekki fullskipuð, tilnefni borgardómarinn í Reykjavík þriðja mann í sjóðstjórnina.

11. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 14. janúar 1948.

Í stjórn Frjálslynda safnaðarins í Reykjavík.

St. A. Pálsson. Guðm. Guðjónsson. Guðný Vilhjálmisdóttir. Ingi Árdal.
Sólm. Einarsson. Hulda Ingvarsdóttir. Lúðvík Bjarnason.

10

2. jan.

AUGLÝSING

um lækun aðflutningsgjalda á kornvörum og sykri.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög nr. 129 29. des. 1947, um breyting á þeim lögum, hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður frá 1. janúar þ. á. að telja til ársloka 1948 verðtoll af: baunum, ertum, linsum, hveiti, rúgi, rís með hýði eða án hýðis, byggi, höfrum, maís og annarri ómalaðri kornvöru; mjöli úr hveiti, úr rúgi, úr rís, úr byggi, úr höfrum, úr maís og öðru ótöldu; grjónum úr hveiti, úr byggi, úr höfrum, úr rís og öðru ótöldu.

Enn fremur að lækka um helming á sama tímabili aðflutningsgjöld af sykri, strásykri, höggnum sykri (molasykri), sallasykri (flórsykri), púðursykri, steinsykri (kandís) og toppasykri.

Auk þess hefur verið ákveðið, að ekki skuli innheimta verðtoll af farmgjaldi af ofangreindum sykri á sama tímabili.

Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1948.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.